



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 14. júní 2006

Ákvörðun nr. 19/2006

Kaup Icelandic umbúða ehf. á Valdimari Gíslasyni hf.

1.

Þann 28. apríl 2006 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Icelandic umbúðir ehf. hafi keypt allan hlut í Valdimari Gíslasyni ehf. Framsetning samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna¹. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 24. mars 2006. Þá fylgdu skránni einnig ýmis gögn um bæði félög, s.s. vottorð Hlutafélagaskrár og ársreikningar samrunaaðila, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 23. maí 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að samrunaaðilar séu báðir heildsalar sem starfi á tengdum mörkuðum. Icelandic umbúðir sé heildsala sem annist sölu á umbúðum og rekstarvörum til fyrirtækja í matvælaíðnaði, aðallega sjávarútvegsfyrirtækja. Um starfsemi Valdimars Gíslasonar segir að fyrirtækið sé á sama markaði að hluta en selji þó mest aðrar vörur en umbúðir sem notaðar séu í matvinnsluíðnaði, sláturhúsum, kjötvinnslustöðvum, stórmörkuðum og veitingastöðum, svo sem vélbúnað, hnífa og krydd.

Þá segir í tilkynningunni að markmið samrunaaðila með samrunanum sé að „*njóta samlegðaráhrifa með samnýtingu aðstöðu, starfsfólks og dreifingarkerfis*“. Enn fremur segir að samruninn muni auðvelda þeim að keppa við innfluttar vörur svo og að selja vörur sínar úr landi.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Þá er tekið fram að samrunaaðilar ráði engum félögum sem stundi viðskipti á markaði þar sem áhrifa samrunans gæti, hvorki með beinum né óbeinum hætti.

Af hálfu samrunaaðila verði litið svo á að samrunans verði eingöngu vart á umbúðamarkaði. Ekki sé um að ræða umbúðir utan um drykki, líkt og mjólkurfernur eða plastflöskur, heldur umbúðir sem notaðar séu fyrir matvæli, svo sem kjöt og fisk. Vörumarkaðinn skilgreina samrunaaðilar svo, að um sé að ræða umbúðir til notkunar í kjötiðnaði, sjávarútvegi og verslun eða eins og segir í tilkynningunni: *„...verður því markaðurinn skilgreindur sem markaður með umbúðir hverju nafni svo sem þær nefnast enda staðganga möguleg í langflestum tilfellum“*. Landfræðilega markaðinn telji samrunaaðilar vera Ísland.

Samrunaaðilar áætla að heildar umbúðamarkaðurinn velti u.þ.b. 4.500 – 5.000 milljónum á ári hér á landi og að hluti hins sameinaða félags á þessum markaði gæti verið um 900 milljónir króna eftir sameiningu eða um 15-20%. Í þessu sambandi segir í tilkynningunni: *„þó ber að taka þessum tölum með þeim fyrirvara að inn- og útflutningur umbúða verður sífellt fyrirferðameiri á markaðnum og gætu þessar tölur því verið eitthvað lægri. Ekki verður því talið að samruninn verði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist“*.

3.

Af upplýsingum sem fram koma í tilkynningunni má ráða að samlegðaráhrifa samrunans muni fyrst og fremst gæta við sölu á umbúðum fyrir matvæli, svo sem kjöt og fisk. Þar sem samrunafélögin hafa um árabil séð fyrirtækjum í matvælaiðnaði fyrir umbúðum fyrir bæði kjöt og fisk er ljóst að þau munu styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Icelandic umbúða á Valdimari Gíslasyni á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð

„Með kaupsamningi, dags. 26. mars 2006, keypti Icelandic umbúðir ehf. allt hlutfé í Valdimari Gíslasyni hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

